



Þekkingarnet
Þingeyinga

SJÁLFBÆRNIVERKEFNIÐ Á NORÐURLANDI

Framvinduskýrsla



Júní 2016

Júní 2016

Þekkingarnet ingeyinga

Forsíðumyndir (frá vinstri):

Samráðsfundur að Laugum Mynd: Þekkingarnet Þingeyinga
Samráðsfundur að Laugum Mynd: Þekkingarnet Þingeyinga
Samráðsfundur að Ýdolum Mynd: Þekkingarnet Þingeyinga
Skólasæting Framhaldsskólans á Húsavík Mynd: Framhaldsskólinn á Húsavík

Abyrgð / ritstjórn:
Óli Haldórsson

Framkvæmd:
Helena Eydís Ingólfssdóttir
Óli Haldórsson

Útgáfa 1.01

VERKEFNIÐ

Sjálfbærni verkefnið á Norðurlandi er samfélagsverkefni sem hefur það að markmiði að fylgjast með þróun samfélags, umhverfis og efnahags á svæðinu frá Vaðlaheiði í vestri að Jökulsá á Fjöllum í austri. Það svæði mun líklega verða fyrir einna mestum áhrifum vegna uppbyggingar Þeistareykjavirkjunar, iðnaðarframkvæmda á Bakka sem og auknum umsvifum í ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum.

Verkefnið var endurvakið í byrjun árs 2015 að frumkvæði Landsvirkjunar samhliða uppbyggingu Þeistareykjavirkjunar. Í stýrihópi verkefnisins eiga nú fulltrúa ásamt Landsvirkjun, Landsnet, Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, sveitarfélögin Norðurþing, Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit og ferðaþjónustuaðilar á svæðinu. Þá hefur PCC Bakki Silicon verið boðin aðild að verkefninu. Stýrihópur verkefnisins kemur reglulega saman og tekur ákvarðanir um framgang verkefnisins.

Síðastliðið ár hefur verið unnið að mótun verkefnisins og vísa þess. Verkefnisstjórn hefur verið í höndum Þekkingarnets Þingeyinga. Verkefnið er enn í mótun og geta vísarnir því átt eftir að taka breytingum. Hér á eftir verður farið yfir tillögu að vísun Sjálfbærni verkefnisins á Norðurlandi og helstu áfanga í framgangi verkefnisins á tímabilinu maí 2015–júni 2016.

Við mótun tillögu að vísun voru kallaðir til faghópar sem rýndu fyrirbyggjandi tillögur. Byggt var á athugasemdum faghópanna að því leyti að þeir vísar sem faghóparnir vildu ekki nota voru teknir út, vísar sem faghópar vildu sameina voru sameinaðir og nýir vísar komu inn samkvæmt þeirra tillögum. Að auki horft til tillagna faghópanna um hvaða gögn verða birt við hvern vísi.

Tekið var tillit til athugasemda ungmenna, almennings, fyrirtækja og félagasamtaka, sem fram komu í samráðsvinnu verkefnisins. Í sumum tilfellum áttu athugasemdirnar frekar við útfærslu vísanna eða birtingu gagna en breytingu á þeim sjálfum. Þær athugasemdir verða hafðar til hliðsjónar þegar ákveðið verður hvaða gögn verða birt á vegum verkefnisins. Sem dæmi má nefna athugasemd ungmenna um að birta gögn um hamingju íbúa eftir aldri. Í öðrum tilfellum var um breytingu á vísun að ræða eins og að bæta sveitarfélögum inn í vísi um kynjahlutfall starfsfólks. Þá komu einnig inn hugmyndir um nýja vísa eins og vísi um landbúnað: Búvöruframleiðsla og búfénaður.

Athugasemdir úr samráði liggja fyrir í töflum á síðum 47-52. Gera má ráð fyrir að vísarnir og athugasemdir úr samráði um vísana verði ræddar af stýrihópi verkefnisins sem taka mun ákvörðun um vísana. Við það geta hvort tveggja vísarnir, framsetning þeirra og tillögur um birtingu gagna tekið breytingum frá því sem hér er lagt til.

Í þessari greinargerð er að finna (í þessari röð):

- (i) Tillögu að vísun – (tafla)
- (ii) Tillögu að framkvæmd/útfærslu vísa – (yfirlit fyrir hvern og einn vísi)
- (iii) Yfirlit um vinnuferli við mótun vísa – (töflur)

TILLAGA AÐ VÍSUM SJÁLFBÆRNIVERKEFNISINS Á NORÐURLANDI

Eftirfarandi tillaga byggir á eldri vinnu verkefnisins frá árunum 2008-2012, vinnu verkefnisstjóra og stýrihóps og samráði við faghópa, ungmenni, almenning, fyrirtæki, félagasamtök. Við mótun tillögunnar var jafnframt tekið tillit til þátta sem horft var til í mati á umhverfisáhrifum vegna Þeistareykjavirkjunar og kísilmálmverksmiðju á Bakka.

Samfélag	Umhverfi	Efnahagur
1.1 Lýðfræði: <u>Íbúafjöldi</u>	2.1 Andrúmsloft: <u>Losun mengandi efna</u>	3.1 Vinnumarkaður: <u>Fjöldi og hlutfall vinnandi á aldrinum 16-70 ára</u>
1.2 Tekjur íbúa: <u>Meðaltekjur íbúa</u>	2.2 Andrúmsloft: <u>Loftgæði</u>	3.2 Vinnumarkaður: <u>Atvinnuleysi</u>
1.3 Tekjur íbúa: <u>Fjöldi einstaklinga og fjölskylda undir lágtekjumörkum</u>	2.3 Hljóðvist: <u>Hávaði frá starfsleyfisskyldri starfsemi</u>	3.3 Landbúnaður: <u>Búvöruframleiðsla og búfénaður¹</u>
1.4 Jafnrétti kynja: <u>Kynjahlutfall á vinnumarkaði</u>	2.4 Landnotkun <u>Þróun landnýtingar</u>	3.4 Ferðaþjónusta: <u>Fjöldi gistirýma og gistinátta á miðsvæði og nýting gistirýma</u>
1.5 Öryggi íbúa: <u>Fjöldi afbrota²</u>	2.5 Vatnsauðlindir: <u>Gæði neysluvatns²</u>	3.5 Hagur fyrirtækja: <u>Eignir og skuldir fyrirtækja²</u>
1.6 Öryggi íbúa: <u>Fjöldi starfa við löggæslu</u>	2.6 Vatnsauðlindir: <u>Vatnsgæði grunnvatns</u>	3.6 Hagur sveitarfélaga: <u>Eignir, skuldir og skuldahlutfall sveitarfélaga²</u>
1.7 Heilsa og félagsleg staða: <u>Fjöldi örorkulífeyrisþega</u>	2.7 Jarðhitanýting: <u>Massataka úr borholum (niðurdráttur) til samanburðar við náttúrulegt innrennsli.</u>	3.7 Hagur íbúa: <u>Eignir og skuldir íbúa²</u>
1.8 Heilsa og félagsleg staða: <u>Hamingja íbúa</u>	2.8 Lífríki: <u>Gróður við jarðhitavirkjanir²</u>	3.8 Fasteignamarkaður: <u>Heildarmat fasteigna²</u>
1.9 Heilsa og félagsleg staða: <u>Kosningabátttaka íbúa</u>	2.9 Lífríki: <u>Vöktun fuglalífs²</u>	3.9 Fasteignamarkaður: <u>Þróun leiguverðs¹</u>
1.10 Menntun: <u>Líðan grunnskólanemenda</u>	2.10 Lífríki: <u>Mýflugur og grænþörungar í og við Mývatn²</u>	3.10: Fasteignamarkaður <u>Búseta í eigin fasteignum og leiguhúsnæði¹</u>
1.11 Menntun: <u>Menntunartig íbúa á á aldrinum 16-70 ára</u>	2.11 Lífríki: <u>Mengunarefni í dýralífi sjávar</u>	
1.12. Samgöngur: <u>Samgöngur á landi, lofti og sjó²</u>	2.12 Neyslu- og framleiðslumynstur: <u>Meðferð úrgangs og förgun</u>	
1.13 Samgöngur: <u>Fjöldi bíla við Leirhnjúk, Kröflu og Þeistareyki</u>	2.13 Neyslu- og framleiðslumynstur: <u>Meðferð skólps</u>	
	2.14 Neyslu- og framleiðslumynstur: <u>Svæðisbundin staða bílaflota¹</u>	

¹ Nýir vísar (að loknu samráði).

² Vísar sem breyttust í samráðsferli. Í sumum tilfellum voru vísarnir umorðaðir til að þeir væru skýrari og í öðrum tilfellum var um sameiningu vísa að ræða.

VÍSAR - SKÝRINGAR

Á komandi síðum er hver vísir birtur ásamt forsendum fyrir vali og frekari upplýsingum um vísinn. Hér að neðan eru skýringar á þeim upplýsingum sem tengjast hverjum vísi.

Vísir nr. – Undirflokkur sem vísir tilheyrir: Heiti vísis

Forsendur fyrir vali á vísi

Í forsendum á vali fyrir vísi er tilgreind ástæða eða mikilvægi þess að fylgst sé með þeim þætti sem viðkomandi vísi er ætlað að mæla.

Upplýsingar

Hvaða:

Vísar til þess hvaða upplýsingar tengdar vísinum eru birtar.

Dæmi: Íbúafjöldi: Mannfjöldi 1. janúar eftir sveitarfélögum.

Tíðni:

Vísar til þess hversu oft upplýsingar um mælingar tengdar vísinum eru birtar.

Dæmi: Íbúafjöldi: Árlega.

Svæði:

Vísar til þess svæðis sem mælingar vegna vísisins fara fram á.

Í megindráttum er horft til svæðis sem innan verkefnisins er kallað miðsvæði (frá Vaðlaheiði í vestri að Jökulsá á Fjöllum í austri). Það er talið vera aðaláhrifasvæði verkefnisins. Þá er einnig horft til tveggja annarra svæða sem talin eru verða fyrir áhrifum af framkvæmdum á Bakka og Þeistareykjum. Það eru svökölluð kölluð eru austur- og vestursvæði. Vestursvæðið nær frá Vaðlaheiði í austri til og með Akureyri í vestri. Austursvæðið nær frá Jökulsá á Fjöllum til og með Bakkafirði. Þá er Ísland allt sett fram sem viðmið við þónokkra vísa til að bera miðsvæðið saman við landsmeðaltal.

Dæmi: Miðsvæði, Austursvæði, Vestursvæði, Ísland.

Hver:

Vísar til þess hver aflar upplýsinga sem tengjast vísunum. Oftast er það verkefnisstjóri verkefnisins en einnig fulltrúar þeirra sem aðild eiga að verkefninu.

Dæmi: Íbúafjöldi: Verkefnisstjóri.

Hvernig:

Vísar til þess með hvaða hætti gögn eru birt til dæmis sem gröf eða töflur.

Dæmi: Íbúafjöldi: Línurit.

Markmið:

Vísar til þeirra markmiða sem verkefnið setur varðandi vísinn. Falli mælingar langt frá markmiði gæti það gefið tilefni til að gera viðeigandi aðilum viðvart um að viðbragða sé þörf.

Dæmi: Íbúafjöldi. Að íbúum fækki ekki.

Heimild:

Vísar til þess aðila/rannsóknar sem gögn vegna vísisins verða sótt til.

Dæmi: Hagstofa Íslands.

Athugasemdir:

Vísar til athugasemda um vísinn, gagna sem eru aðgengileg, ábendingar til að mynda til stýrihóps, tillagna um birtingu frekari gagna sem tengjast vísi beint eða óbeint.

Dæmi: Hamingja íbúa: Til stýrihóps: Athuga að birta niðurstöður Landlæknisembættis um heilsuvísa sem víkja marktækt frá Landsmeðaltali samhliða vísi um hamingju. Heilsuvísarnir geta breyst á milli kannana og því ekki rétt að festa heilsuvísa sem nú víkja frá á Norðurlandi til birtingar á vegum verkefnisins.

SAMFÉLAGSVÍÐAR

Vísir 1.1 – Lýðfræði: Íbúafjöldi

Forsendur fyrir vali á vísir

Tilkoma nýrrar Þeistareykjavirkjunar, iðnaðarstarfsemi á Bakka og aukin umsvif í ferðaþjónustu gætu leitt til breytinga á íbúafjölda á Norðurlandi eystra og í einstökum sveitarfélögum, hvort tveggja á uppbyggingartíma og rekstrartíma virkjunar og fyrirtækja í iðnaði og ferðaþjónustu. Því er mikilvægt að fylgast með þróun mannfjölda.

Upplýsingar

Hvaða:

Mannfjöldi eftir sveitarfélagi 1. janúar ár hvert, heildarfjöldi, kynjaskipting og aldursdreifing
Fjöldi brottfluttra og aðfluttra
Uppruni íbúa

Tíðni:

Árlega: 1. mars og íbúafjöldi miðast við 1. janúar ár hvert

Svæði:

Miðsvæði
Austursvæði
Vestursvæði
Ísland

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Línurit um þróun íbúafjölda á miðsvæði
Línurit um þróun íbúafjölda í samanburði við jaðarsvæði og Ísland
Súlurit sem sýna uppruna íbúa eftir þjóðernum
Mannfjöldapíramídar sem sýna kynja og aldursamsetningu íbúa á Miðsvæði gangvart kynja og aldursamsetningu landsins í heild. Með aðhvarfsstuðulinn (r^2)=1.0 (Sem þýðir að gera verður mannfjöldapíramídana út frá hlutfallsmælingu en ekki fjölda einstaklinga)

Markmið:

Íbúum fækki ekki.

Heimild:

Hagstofa Íslands

Athugasemdir:

Vísir 1.2 – Tekjur íbúa: Meðaltekjur íbúa

Forsendur fyrir vali á vísí

Vísirinn gefur vísendingar um efnahagslega stöðu íbúa í samanburði við íbúa á jaðarsvæðum og á landinu öllu. Meðaltekjur eru gagnlegur vísir til að bera saman fjárhagslega velferð á mismunandi svæðum. Virkjun, framleiðslufyrirtæki í iðnaði og ferðaþjónusta eru líkleg til að hafa áhrif á meðaltekjur miðsvæði. En áhrif fyrirtækjanna á tekjur á svæðinu geta einnig verið óbein vegna afleiddra starfa innan svæðisins.

Upplýsingar

Hvaða:

Meðaltekjur íbúa á miðsvæði

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Austursvæði

Vestursvæði

Ísland

Hver:

Verkefnisstjóri.

Hvernig:

Meðaltekjur íbúa í 1.000 kr. í samanburði við landið allt

Meðalárslaun starfsfólks Landsvirkjunar og PCC í samanburði við meðaltekjur á Íslandi (milljónir kr.)

Markmið:

Að meðaltekjur íbúa séu sambærilegar því sem gerist á landsvísu

Heimild:

Hagstofa Íslands

Ríkisskattstjóri

Landsvirkjun

PCC

Athugasemdir:

Vísir 1.3 – Tekjur íbúa: Fjöldi einstaklinga og fjölskylda undir lágtekjumörkum

Forsendur fyrir vali á vísí

Vísirinn gefur vísendingar um efnahagslega stöðu íbúa í samanburði við íbúa á jaðarsvæðum og á landinu öllu. Meðaltekjur eru gagnlegur vísir til að bera saman fjárhagslega velferð á mismunandi svæðum. Virkjun, iðnfyrirtæki í framleiðslu og ferðaþjónusta eru líkleg til að hafa áhrif á meðaltekjur miðsvæði. En áhrif fyrirtækjanna á tekjur á svæðinu geta einnig verið óbein vegna afleiddra starfa innan svæðisins.

Upplýsingar

Hvaða:

Upplýsingar um fjölda einstaklinga og fjölda fjölskylda undir skilgreindum lágtekjumörkum

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Ísland

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Línurit yfir þróun

Markmið:

Að fjöldi undir lágtekjumörkum sé lægri en landsmeðaltal

Heimild:

Hagstofa Íslands

Athugasemdir:

Til stýrihóps: Upplýsingar koma úr lífskjarakönnun Hagstofu Íslands. Hægt að fá þessar tölur annars vegar með því að reikna 5 ára meðaltal eða kaupa tölfræðilega marktækt úrtak fyrir svæðið.

Vísir 1.4 – Jafnrétti kynja: Kynjahlutfall á vinnumarkaði

Forsendur fyrir vali á vísir

Í sveitarfélögum í Þingeyjarsýslu eru konur í flestum tilfellum færri en karlar. Ójafnvægi í kynjahlutföllum getur haft áhrif á samfélagslegan stöðugleika. Þessum vísir er ætlað að fylgjast með jafnvægi kynjanna á vinnumarkaði.

Upplýsingar

Hvaða:

Kynjahlutfall á vinnumarkaði

- Landsvirkjun
- PCC
- Ferðabjónusta
- Sveitarfélög
 - Stjórnendur
 - Sveitarstjórnarfulltrúar og nefndamenn
- Sjávarútvegur

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði
Ísland

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Súlurit sem sýnir kynjahlutfall hjá framangreindum aðilum/atvinnugreinum

Markmið:

Að kynjahlutfall á vinnumarkaði sé því sem næst jafnt

Heimild:

Vinnumarkaðskönnun Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga
Landsvirkjun
PCC
Norðurþing
Skútustaðahreppur
Þingeyjarsveit
Tjörneshreppur

Athugasemdir:

Vísir 1.5 – Öryggi íbúa: Fjöldi afbrota

Forsendur fyrir vali á vísir

Lífsgæði íbúa í samfélagi þar sem glæpatíðni er lág eru meiri en í samfélagi þar sem glæpatíðni er há. Fjölgun íbúa vegna iðnaðaruppbyggingar, uppbyggingar virkjunar og aukinna umsvifa í ferðaþjónustu hefur margvísleg áhrif á samfélag. Vísir sem fylgist með þróun glæpatíðni getur gefið upplýsingar um langtíma stöðugleika á svæðinu.

Upplýsingar

Hvaða:

Fjöldi afbrota pr. 10.000 íbúa í samanburði við Ísland

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Ísland

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Súlurit: Fjöldi afbrota á miðsvæði og á Íslandi öllu miðað við 10.000 íbúa

Markmið:

Að afbrot séu færri en að landsmeðaltali

Heimild:

Ríkislögreglustjóri

Athugasemdir:

Vísir 1.6 – Öryggi íbúa: Fjöldi starfa við löggæslu

Forsendur fyrir vali á vísir

Með auknum fjölda íbúa er mikilvægt að innviðir samfélags séu traustir. Mikilvægt er að fjöldi starfa við löggæslu haldist í hendur við íbúabróun það er að fjölgi íbúum umtalsvert fjölgi störfum við löggæslu í samræmi við það.

Upplýsingar

Hvaða:

Fjöldi starfa við löggæslu

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Austursvæði

Vestursvæði

Ísland

Hver:

Verkefnisstjóri.

Hvernig:

Fjöldi starfa við löggæslu pr. 1.000 íbúa samanborið við Ísland

Markmið:

Að fjöldi starfa við löggæslu sé í samræmi við íbúafjölda

Heimild:

Ríkislögreglustjóri

Athugasemdir:

Vísir 1.7 – Heilsa og félagsleg staða: Fjöldi örorkulífeyrisþega

Forsendur fyrir vali á vísí

Hlutfall örorkulífeyrisþega er lægra á Íslandi en gerist á Norðurlöndunum. Langflestir sem fá örorkulífeyri eru á vinnualdri og er mikilvægt að fylgjast með hvort hlutfall öryrkja á svæðinu endurspeglar stöðuna á landsvísu bæði þegar á heildina er litið og þegar hópurinn er skoðaður út frá kynjum og aldri.

Upplýsingar

Hvaða:

Fjöldi örorkulífeyrisþega eftir aldri og kyni (18-66 ára)
Hlutfall af mannfjölda á aldrinum 18-66 ára

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði
Austursvæði
Vestursvæði
Ísland

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Tafla:
Fjöldi örorkulífeyrisþega eftir aldri
Fjöldi örorkulífeyrisþega eftir kyni
Hlutfall af mannfjölda á aldrinum 18-66 ára

Markmið:

Að fjöldi öryrkja sé í samræmi við landsmeðaltal

Heimild:

Tryggingastofnun

Athugasemdir:

Vísir 1.8 – Heilsa og félagsleg staða: Hamingja íbúa

Forsendur fyrir vali á vísí

Áhugavert og gagnlegt er að fylgjast með hamingju íbúa sem eru að ganga í gegnum umrótatíma og að honum loknum og bera saman við Ísland.

Upplýsingar

Hvaða:

Hamingja íbúa

Tíðni:

Þriðja/fjórða hvert ár

Svæði:

Miðsvæði

Ísland

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Tafla: Samtals – Konur – Karlar – kvarði frá 1-10

Súlurit: Hlutfall - Konur – Karlar eftir aldri sem gefa hamingju 9-10 í einkunn

Markmið:

Að hamingju íbúa sé í samræmi við landsmeðaltal eða meiri

Heimild

Landlæknisembættið

Athugasemdir:

Til stýrihóps: Nýir heilsuvísar Landlæknisembættis þar sem frávik frá landsmeðaltali eru birt eftir heilbrigðisumdæmum. Mælum með að þeir heilsuvísar á Norðurlandi sem víkja frá landsmeðaltali verði birtir með vísí 1.8. Þeir geta verið breytilegir á milli rannsókna.

Vísir 1.9 – Heilsa og félagsleg staða: Kosningaþátttaka íbúa

Forsendur fyrir vali á vísu

Almennt hefur kosningaþátttaka farið minnkandi á undanförunum árum. Rétturinn til að kjósa er mikilvægur þáttur í lýðræðissamfélagi. Mikilvægt er að fylgjast með kosningaþátttöku á svæðinu og hvort hún er í samræmi við það sem gerist á landsvísu.

Upplýsingar

Hvaða:

Kosningaþátttaka íbúa í sveitarstjórnakosningum, Alþingiskosningum, forsetakosningum

Tíðni:

Að minnsta kosti á fjögurra ára fresti fyrir hverja tegund kosninga

Svæði:

Míðsvæði

Austursvæði

Vestursvæði

Ísland

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Tafla: Fjöldi á kjörskrá, kosningaþátttaka

Súlurit: kosningaþátttaka eftir kynjum

Markmið:

Að kosningaþátttaka íbúa sé í samræmi við landsmeðaltal eða meiri

Heimild:

Hagstofa Íslands

Athugasemdir:

Vísir 1.10 – Menntun: Líðan grunnskólanemenda

Forsendur fyrir vali á vísir

Líðan nemenda í grunnskóla gefur vísbendingar um ástand mála, gæði skóla og þróun innan grunnskólanna.

Upplýsingar

Hvaða:

Líðan grunnskólanemenda í skóla – hlutfall nemenda sem líður vel og mjög vel

Tíðni:

Á fjögurra ára fresti

Svæði:

Míðsvæði

Ísland

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Hlutfall nemenda sem líður vel/mjög vel í skóla í samanburði við Ísland

Markmið:

Að líðan nemenda í samræmi við landsmeðaltal eða betri

Heimild:

Háskólinn á Akureyri – HSBC könnun

www.hsbc.is

Athugasemdir:

Vísir 1.11 – Menntun: Menntunarstig íbúa á aldrinum 16-70 ára

Forsendur fyrir vali á vísir

Menntunarstig íbúa gefur vísendingar um hvernig og hvort íbúar geta mætt þörfum vinnumarkaðarins.

Upplýsingar

Hvaða:

Fjöldi með grunnmenntun, starfs- og framhaldsmenntun, háskólamenntun
Niðurbrot skv. ISCED alþjóðlegri flokkun

Tíðni:

Á 3 ára fresti

Svæði:

Miðsvæði

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Súlurit – fjöldi

Markmið:

Að menntunarstig íbúa sé í samræmi við landsmeðaltal

Heimild:

Hagstofa Íslands -

http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_skolamal_5_menntunarstada/SKO00005.px/

Athugasemdir:

Til stýrihóps: Hluti af lífskjarakönnun Hagstofu Íslands og hægt að fá gögn með því að reikna á 5 ára meðaltal út frá gögnum Hagstofu Íslands eða kaupa tölfraðilega marktækt úrtak fyrir svæðið.

Vísir 1.12 – Samgöngur: Samgöngur á landi, lofti og sjó

Forsendur fyrir vali á vísí

Mikilvægt er að fylgjast með umferð á landi, lofti og sjó á uppbyggingartíma sem og að honum loknum. Með auknum umsvifum í ferðaþjónustu má reikna með auknum umferðarþunga á ákveðnum leiðum. Þá má einnig gera ráð fyrir fjölgun flugfarþega og aukinni umferð á vegum á uppbyggingartíma. Vísirinn er því mikilvægur með tilliti til innra og ytra samgöngukerfis svæðisins.

Upplýsingar

Hvaða:

Fjöldi farþega í flugi: Akureyri, Húsavík, Þórshöfn

Fjöldi skipa í Húsavíkurhöfn: Skemmtiferðaskip, flutningaskip, skútur og önnur skipaumferð en fiskveiðar og hvalaskoðun

Umferðarþungi á völdum leiðum: Víkurskarð, Fljótshéiði, Mývatnsheiði, Tjörnes, Norðausturvegur sunnan Húsavíkur – Meðaltal/Sólarhringsumferð/Sumar/Vetur

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði – flug – skip – umferð (Fljótshéiði - Mývatnsheiði - Tjörnes - Norðausturvegur - sunnan Húsavíkur)

Austursvæði - flug

Vestursvæði – flug – umferð (Víkurskarð/Vaðlaheiðargöng)

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Flugfarþegar: Súlurit – fjöldi og hlutdeild í heildarflugumferð

Fjöldi skipa: Súlurit

Umferðarþungi

Markmið:

Að samgöngukerfi svæðisins anní þörfum íbúa og fyrirtækja á svæðinu

Heimild:

ISAVIA

Norðurþing

Vegagerðin - <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/umfthjodvegum/>

Athugasemdir:

Vísir 1.13 – Samgöngur: Fjöldi bíla við Leirhnjúk, Kröflu og Þeistareyki

Forsendur fyrir vali á vísu

Á hverju ári heimsækir fjöldi gesta virkjanasvæði á Íslandi og nærliggjandi staði. Áhugavert er að fylgjast með þróun umferðar á Þeistareykjum, við Leirhnjúk og Kröflu með tilkomu nýrrar Þeistareykjavirkjunar.

Upplýsingar

Hvaða:

Fjöldi bíla við Leirhnjúk, Kröflu, Þeistareyki

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Hver:

Landsvirkjun
Verkefnisstjóri

Hvernig:

Súlurit – fjöldi bíla

Markmið:

Að gestum fjölgi í samræmi við fjölgun ferðamanna á svæðinu

Heimild:

Landsvirkjun

Athugasemdir:

UMHVERFISVÍSAR

Vísir 2.1 – Andrúmsloft: Losun mengandi efna

Forsendur fyrir vali á vísí

Aukinn iðnaður og vaxandi umferð á landi og sjó valda aukinni losun mengandi efna út í andrúmsloftið. Losun mengandi efna hefur áhrifa á lífsgæði fólks og því er nauðsynlegt að fylgjast með losun mengandi efna frá virkjun og framleiðslufyrirtækjum í iðnaði.

Upplýsingar

Hvaða:

Losun gróðurhúsalofttegunda í tonnum

PCC Bakki Silicon - losun CO₂

Þeistareykir: Losun CO₂ og CH₄ ásamt losun CO₂ ígilda í tonnum talið (CH₄ umreiknað í CO₂)

Krafla: Losun CO₂ og CH₄ ásamt losun CO₂ ígilda í tonnum talið (CH₄ umreiknað í CO₂)

Bjarnarflag: Losun CO₂ og CH₄ ásamt losun CO₂ ígilda í tonnum talið (CH₄ umreiknað í CO₂)

Losun efna sem valda staðbundinni loftmengun

PCC Bakki Silicon – losun SO₂, NO₂, PM₁₀, PAH og BaP í tonnum

Þeistareykir – losun H₂S í tonnum

Krafla – losun H₂S í tonnum

Bjarnaflag – losun H₂S í tonnum

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Hver:

Landsvirkjun

PCC Bakki Silicon

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Súlurit/tafla

Markmið:

Í vinnslu

Heimild:

Landsvirkjun

PCC Bakki Silicon

Umhverfisstofnun

Athugasemdir:

Til stýrihóps: Taka þarf afstöðu til hvort meta eigi alla losun á miðsvæði, í Norðurþingi, Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit o.s.frv. eða hvort eingöngu á að fylgjast með losun vegna/frá PCC Bakki Silicon og Þeistareykjavirkjun. Tillagan tekur m.a. mið af mati á umhverfisáhrifum PCC Bakki Silicon og Þeistareykjavirkjunar, vöktunaráætlun vegna Þeistareykjavirkjunar. Vísirinn og birting gagna getur átt eftir að taka breytingum.

Vísir 2.2 – Andrúmsloft: Loftgæði

Forsendur fyrir vali á vísir

Aukinn iðnaður og vaxandi umferð á landi og sjó valda aukinni losun mengandi efna út í andrúmsloftið. Losun mengandi efna hefur áhrifa á lífsgæði fólks og því er nauðsynlegt að mæla loftgæði og miðla um þau upplýsingum til íbúa.

Upplýsingar

Hvaða:

Fjöldi daga þar sem eftirfarandi efni á tilteknum svæðum eru innan viðmiðunarmarka Reykjavíkur, Vogar, Húsavík og Eyvindarholt

H₂S – brennisteinsvetni – eining: µg/m³

Húsavík

H₂S – brennisteinsvetni – eining: µg/m³

SO₂ – brennisteinsdíoxíð – eining: µg/m³

NO₂ – köfnunarefnisdíxíð – eining: µg/m³

PM₁₀ – svifryk – eining: µg/m³

PM_{2,5} – svifryk – eining: µg/m³

PAH (PAH heildarsumma ásamt B(a)P) – eining: ng/m³

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Mývatnssveit

Húsavík

Hver:

Landsvirkjun

PCC Bakki Silicon

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Súlurit

Markmið:

Að losun mengandi efna fari ekki yfir heilsuverndarmörk

H₂S – 50 µg/m³ á sólarhring (3 sinnum á ári)

SO₂ – 50 µg/m³ á sólarhring (7 sinnum á ári)

NO₂ – 75 µg/m³ á sólarhring (7 sinnum á ári)

PM₁₀ – 50 µg/m³ á sólarhring (7 sinnum á ári)

PM_{2,5} – 20 µg/m³ ársmeðaltal

Að losun mengandi efna fari ekki yfir umhverfismörk

B(a)P - Benzó[a]pýren 1 ng/m³ - Miðað við heildarinnihald PM10 hluta að meðaltali yfir heilt almanaksár

Heimild:

Landsvirkjun

PCC

Umhverfisstofnun

Athugasemdir:

Viðmið um heilsuverndarmörk eru fengin úr reglugerð um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings nr. 251/2002, reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 251/2002 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings nr. 245/2014 og reglugerð um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti nr. 514/2010.

Tillagan tekur m.a. mið af mati á umhverfisáhrifum PCC Bakki Silicon og Þeistareykjavirkjunar og vöktunaráætlun Þeistareykjavirkjunar. Vísirinn og birting gagna getur átt eftir að taka breytingum.

Vísir 2.3 – Hljóðvist: Hávaði frá starfsleyfisskyldri starfsemi

Forsendur fyrir vali á vísí

Hávaði getur haft víðtæk áhrif á heilsu og líðan einstaklinga. Stöðugur hávaði getur haft neikvæð áhrif á búsetu til lengri tíma og því þarf að tryggja að hávaði dragi ekki úr aðráttaraflí svæðis til búsetu.

Upplýsingar

Hvaða:

Viðmiðið um jafngildishljóðstig fyrir iðnaðarsvæði er 70 dB

Fjöldi dagar þar sem jafngildishljóðstig fer yfir 70 dB við lóðarmörk PCC Bakki Silicon, Þeistareykjavirkjun, Kröfluvirkjun og Bjarnarflag

Tíðni:

Að minnsta kosti árlega (Mælingar á Þeistareykjum skulu fara fram að minnsta kosti 4 sinnum á ári)

Svæði:

Miðsvæði

Hver:

Landsvirkjun

PCC Bakki Silicon

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Súlurit

Markmið:

Að jafngildishljóðstig á Bakka sé innan við 70 dB við lóðarmörk

Að jafngildishljóðstig á við Þeistareykjavirkjun, Kröfluvirkjun og Bjarnarflag sé innan við 70 dB við lóðarmörk á starfstíma

Heimild:

Landsvirkjun

PCC Bakki Silicon

Athugasemdir:

Um viðmið fyrir hávaða er tekið mið af reglugerð nr. 724/2008. Að auki er tekið mið af mati á umhverfisáhrifum PCC Bakki Silicon og Þeistareykjavirkjunar og vöktunaráætlun og starfsleyfi vegna Þeistareykjavirkjunar. Samkvæmt starfsleyfi Þeistareykjavirkjunar geta undantekningar átt sér stað tímabundið vegna framkvæmda, borunar og blásturs. Vísirinn og birting gagna getur átt eftir að taka breytingum.

Vísir 2.4 – Landnotkun: Þróun landnýtingar

Forsendur fyrir vali á vísir

Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 er lagt til grundvallar að skipulag byggðar og landnotkun stuðli að sjálfbærri þróun, sé sveigjanlegt, stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum og lífsgæðum fólks og styðji við samkeppnishæfni landsins og einstakra landshluta. Mikilvægt er að þróun landnýtingar sé í samræmi við opinbera stefnu stjórnvalda.

Upplýsingar

Hvaða:

Breytingar á notkun lands

CORINE landflokunarkerfið

Flokkur – aukning, minnkun, samtals breyting

Tíðni:

Á 6 ára fresti

Svæði:

Miðsvæði

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Tafla

Gróðurflokkur – aukning í % – minnkun í % – samtals breyting í %

Markmið:

Að þróun landnýtingar sé í samræmi við landsskipulagsstefnu

Heimild:

Landmælingar Íslands

Athugasemdir:

CORINE landflokunarkerfið er uppfært á 6 ára fresti og því er ekki hægt að mæla breytingar á landnotkun oftar.

Vísir 2.5 – Vatnsauðlindir: Gæði neysluvatns

Forsendur fyrir vali á vísi

Vatnsveitur sjá íbúum og atvinnulífi fyrir hreinu neysluvatni. Mikilvægt er að tryggja gæði neysluvatns.

Upplýsingar

Hvaða:

Vatnsból og dreifikerfi vatns á Húsavík

- Heildargerlafjöldi – eining fjöldi/ml
- Kólígerlar – eining: fjöldi/100 ml
- E.coli – eining: fjöldi/100 ml
- Sýrustig – eining: pH
- Leiðni

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Húsavík

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Tafla

Markmið:

Að gerlafjöldi nái ekki hámarksgildi.

- Heildargerlafjöldi – 100/ml.
- Kólígerlar – 0/100 ml.
- E.coli – 0/100 ml.

Að pH sé á milli 6,5 og 9,5.

Heimild:

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Athugasemdir:

Vísir 2.6 – Vatnsauðlindir: Vatnsgæði grunnvatns

Forsendur fyrir vali á vísir

Fylgjast þarf með styrk næringarefna og steinefna í köldu vatni á núverandi virkjanasvæðum og fyrirhuguðu virkjanasvæði.

Upplýsingar

Hvaða:

Í vinnslu

Vatnsgæði grunnvatns í lindum og neðanstraums frá jarðbitavirkjunum og fyrirhuguðum virkjanasvæðum

Mælingar á næringarefnum og steinefnum í köldu vatni. Þeistareykir, Krafla, Bjarnarflag, Kelduhverfi, Svartá

Mælingar skv. vöktunaráætlun Þeistareykja

Þeistareykir (5 borholur og 1 lind)

Grunnvatnshæð

Rennsli

Hitastig

Efnafræði vatns:

Næringarefni, steinefni, selta, hlutfallslegur styrkur klóríðs og bíkarbónats, samsætur vetnis og súrefnis, snefilefni

Kelduhverfi (6 lindir)

Grunnvatnshæð

Rennsli

Hitastig

Efnafræði vatns:

Næringarefni, steinefni, selta, hlutfallslegur styrkur klóríðs og bíkarbónats, samsætur vetnis og súrefnis, snefilefni

Mývatnssveit (19 vöktunarstaðir frá árinu 2014)

Grunnvatnshæð

Rennsli

Hitastig

Efnafræði vatns

Næringarefni, steinefni, selta, hlutfallslegur styrkur klóríðs og bíkarbónats, samsætur vetnis og súrefnis, snefilefni

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Hver:

Landsvirkjun

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Tafla: Mældur þáttur (efni), tákn, meðaltal (mg/kg), neyslumatnmörk (mg/kg), umhverfismörk (Flokkur I-V) sbr. mat á umhverfisáhrifum Þeistareykjavirkjunar

Markmið:

Að vatnsgæði grunnvatns í lindum og neðanstraums á virkjanasvæðum spillist ekki

Heimild:

Landsvirkjun

Athugasemdir

Tillagan tekur m.a. mið af mati á umhverfisáhrifum og starfsleyfi Þeistareykjavirkjunar. Vísirinn og birting gagna getur átt eftir að taka breytingum.

Vísir 2.7 – Jarðhitanyting: Massataka úr borholum (niðurdráttur) til samanburðar við náttúrulegt innrennsli

Forsendur fyrir vali á vísir

Mikilvægt er að vinnsla jarðhita sé sjálfbær.

Upplýsingar

Hvaða:
Í mótn

Tíðni:
Árlega

Svæði:
Miðsvæði
 Deistareykir
 Krafla
 Bjarnarflag

Hver:
Landsvirkjun
Verkefnisstjóri

Hvernig:
Graf

Markmið:
Í mótn

Heimild:
Landsvirkjun
Orkustofnun

Athugasemdir:

Vísir 2.8 – Lífríki: Vöktun gróðurs

Forsendur fyrir vali á vísi

Gerð hefur verið úttekt á gróðri við Bjarnarflag, Kröflu og Þeistareyki. Mikilvægt er að fylgjast með þróun gróðurs það er hvort þekja tegunda í gróðurreitum breytist á starfstíma virkjana og hvort sjaldgæfar háhitaplöntur þrífast áfram.

Upplýsingar

Hvaða:

Bjarnarflag útbreiðsla sjaldgæfra háhitaplantna
Þekja tegunda í gróður reitum
Uppsöfnun þungmálma í plöntum

Tíðni:

Á 5 ára fresti

Svæði:

Miðsvæði:

- Þeistareykjavirkjun
- Krafla
- Bjarnarflag

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Töflur: Fjöldi og tegundir háhitaplantna, þekja tegunda, magn þungmálma í plöntum

Markmið:

Að sjaldgæfar háhitaplöntur verði áfram til staðar og dafni við Bjarnarflag.

Heimild:

Náttúrustofa Norðausturlands

Athugasemdir:

Til stýrihóps: Lagt til að vísirinn verðir *Vöktun gróðurs* í stað *Vöktun gróðurs við jarðbitavirkjanir* eins og áður var til að einnig verði hægt að fylgjast með þróun gróðurs á öðrum svæðum vegna framkvæmda/starfsemi til að mynda í námunda við Bakka án þess að breyta þurfi vísinum eða bæta nýjum vísi við.

Vísir 2.9 – Lífríki: Vöktun fuglalífs

Forsendur fyrir vali á vísí

Fylgjast þarf með fuglalífi vegna framkvæmda við jarðhitavirkjanir og iðnaðarframleiðslu.

Upplýsingar

Hvaða:

Þéttleiki mófugla á völdum talningastöðum

Niðurstöður vetrarfuglatalningar – fjöldi fugla á km strandar

Fjöldi vatnafugla á og við Mývatn og á öðrum votlendissvæðum í Þingeyjarsýslu – stofnvísitölur og ungaframleiðsla

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Mófuglar - Tafla pör/km²

Vetrarfuglatalning – myndir – fjöldi fugla á km strandar

Fuglatalning á og við Mývatn og á öðrum votlendissvæðum í Þingeyjarsýslu – stofnvísitölur og ungaframleiðsla

Markmið:

Að fylgjast með fjölda fugla og fjölda tegunda

Heimild:

Náttúrustofa Norðausturlands

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Athugasemdir:

Vísir 2.10 – Lífríki: Mýflugur og grænhörungar í og við Mývatn

Forsendur fyrir vali á vísir

Mýflugur gegna mikilvægu hlutverki sem fæða fyrir önnur skordýr, fiska og fugla.

Upplýsingar

Hvaða:

Ástand mýflugustofna Mývatns og Laxár (fjöldi algengustu tegunda)
Breytingar á útbreiðslu kúluskíts

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Tafla

Markmið:

Að fylgjast með sveiflum í mýflugnastofnum og útbreiðslu kúluskíts

Heimild:

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Athugasemdir:

Vísir 2.11 – Lífríki: Mengunarefni í dýralífi sjávar

Forsendur fyrir vali á vísir

Vistkerfi sjávar við strendur Íslands er einstakt og fjölbreytt. Aukin umferð skipa og báta sem og fráveita frá íbúabyggð og fyrirtækjum getur haft áhrif á dýralíf sjávar.

Upplýsingar

Hvaða:

PAH 16 og þungmálmur í kræklingi, burstaormum og leirpípum

Tíðni:

Á 5 ára fresti.

Svæði:

Miðsvæði:

- Bakkafjara
- Húsavíkurfjara
- Saltvík

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Tafla

Markmið:

Að ekki verði marktæk hækkun á PAH 16 efnum og þungmálmum

Að mörk efnanna verði undir mörkum reglugerðar nr. 265/2010

Heimild:

Aðkeypt rannsókn

Athugasemdir:

HRV hefur framkvæmt rannsókn á mengunarefnum í dýralífi sjávar vegna Sjálfbærni-verkefnisins á Austurlandi.

Vísir 2.12 – Neyslu- og framleiðslumynstur: Meðferð úrgangs og förgun

Forsendur fyrir vali á vísir

Mikilvægt er að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum umhverfisáhrifum.

Upplýsingar

Hvaða:

Magn sorps og ferill þess

- Böggun
- Flokkun
- Flutningur
- Endurnotkun
- Endurnýting
- Endurvinnsla
- Förgun
- Pökkun

Heilarmagn úrgangs per íbúa (í tilteknum flokkum – sbr. endurvinnsla – eyðing (urðun eða brennsla) og lífrænt

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Tafla

Markmið:

Að hlutfall úrgangs sem fer til endurvinnslu aukist

Heimild:

Sveitarfélög á miðsvæði

Athugasemdir:

Vísir 2.13 – Neyslu- og framleiðslumynstur: Meðferð skólps

Forsendur fyrir vali á vísi

Vistkerfi sjávar við strendur Íslands er einstakt og fjölbreytt. Fráveita frá íbúabyggð og fyrirtækjum getur haft áhrif á dýralíf sjávar og því er mikilvægt að meðferð skólps sé með þeim hætti á umhverfishrif af fráveitakerfi verið sem minnst.

Upplýsingar

Hvaða:

Saurmengun yfirborðsvatns vegna holræsaútrása

Fjöldi hitaþolinnna kólibaktería, saurkóligerla eða saurkokka skal í 90% tilfella vera undir 1000 pr. 100 ml við að lágmarki 10 sýni

Þar sem matvælaíðnaður er í námunda skal gerla- og kokkafjöldinn vera undir 100 pr. 100 ml. við að lágmarki 10 sýni

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Tafla

Markmið:

Að magn kólibaktería, saurkóligerla og saurkokka sé undir viðmiðunarmörkum

Heimild:

Sveitarfélög á miðsvæði

Heilbrigðiseftirlitið á Norðurlandi eystra

Umhverfisstofnun

Athugasemdir:

Vísir 2.14 – Neyslu- og framleiðslumynstur: Svæðisbundin staða bílaflota

Forsendur fyrir vali á vísir

Áhugavert er að fylgjast með þróun bílaflota og hvort hann fylgir þróun á landsvísu varðandi það að bílum sem ganga fyrir jarðefniseldsneyti fækki hlutfallslega. Þá er einnig áhugavert að fylgjast með hvort eyðsla og útblástursgildi fara lækkandi.

Upplýsingar

Hvaða:

Fjöldi bifreiða

Aldur bifreiða

Eyðsla

Eldsneytisgjafi

Útblástursgildi

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Tafla

Markmið:

Að þróun bílaflotans fylgi landsmeðaltali

Heimild:

Samgöngustofa

Athugasemdir:

Vísir 3.1 – Vinnumarkaður: Fjöldi og hlutfall vinnandi á aldrinum 16-70 ára

Forsendur fyrir vali á vísu

Breytingar á atvinnuháttum hafa verið þó nokkrar á undanförunum árum á miðsvæði. Framundan eru frekari breytingar. Mikilvægt er að fylgjast með fjölda og hlutfalli vinnandi og bera saman við það sem gerist annars staðar.

Upplýsingar

Hvaða:

Fjöldi vinnandi á aldrinum 16-70 ára
Hlutfall vinnandi á aldrinum 16-70 ára

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði
Austursvæði
Vestursvæði
Ísland

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Súlurit

Markmið:

Að hlutfall vinnandi sé í samræmi við það sem gerist á landsvísu

Heimild:

Hagstofa Íslands
Vinnumálastofnun

Athugasemdir:

Vísir 3.2 – Vinnumarkaður: Atvinnuleysi

Forsendur fyrir vali á vísir

Við breytingar á atvinnuháttum er mikilvægt að fylgjast með atvinnuleysi.

Upplýsingar

Hvaða:

Fjöldi á atvinnuleysissskrá

Hlutfall atvinnulausra

Tíðni:

1. janúar ár hvert

1. júlí ár hvert

Svæði:

Miðsvæði

Austursvæði

Vestursvæði

Ísland

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Tafla

Markmið:

Að atvinnuleysi sé undir landsmeðtali

Heimild:

Hagstofa Íslands

Vinnumálastofnun

Athugasemdir:

Vísir 3.3 – Landbúnaður: Búvöruframleiðsla og búfænaður

Forsendur fyrir vali á vísir

Breyting atvinnuhátta getur haft áhrif á fjölda býla í landbúnaðarframleiðslu og breytt framleiðslumynstur í landbúnaði sem mikilvægt er að fylgjast með.

Upplýsingar

Hvaða:

Fjöldi bóa sem framleiða búvörur

Fjöldi búfænaðar (nautgripir, sauðfé, hestar, svín)

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Tafla

Markmið:

Að búum sem framleiða búvörur fækki ekki

Heimild:

Matís

Athugasemdir:

Vísir 3.4 – Ferðaðþjónusta: Fjöldi gistirýma og gistinátta og nýting gistirýma

Forsendur fyrir vali á vísir

Á undanförunum árum hefur ferðamönnum sem sækja svæðið heim fjölgað. Á sama tíma hefur gistirýmum fjölgað. Mikilvægt er að fylgjast með fjölda gistirýma og nýtingu á þeim.

Upplýsingar

Hvaða:

Fjöldi gistirýma (hótel, gistiheimili, heimagisting)

Fjöldi gistinátta (hótel, gistiheimili, heimagisting, tjaldsvæði)

Nýting gistirýma

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Ísland

Hver:

Verkefnastjóri

Hvernig:

Línurit

Markmið:

Að aukning í notkun gistirýma sé í samræmi við landsmeðaltal eða betra

Heimild:

Hagstofa Íslands

Athugasemdir:

Vísir 3.5 – Hagur fyrirtækja: Eignir og skuldir fyrirtækja

Forsendur fyrir vali á vísí

Gera má ráð fyrir að aukin umsvif í ferðaþjónustu og í iðnrekstri hafi áhrif á efnahag fyrirtækja.

Upplýsingar

Hvaða:

Eignir fyrirtækja
Skuldir fyrirtækja

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Hver:

Verkefnastjóri

Hvernig:

Línurit

Markmið:

Að efnahagur fyrirtækja sé í samræmi við það sem gerist á landsvísu

Heimild:

Ríkisskattstjóri

Athugasemdir:

Tölurnar sem birtar verða við þennan vísí munu ná til fyrirtækja sem eru með lögheimili á miðsvæði. Gögn vísisins munu ekki ná yfir fyrirtæki sem reka útibú eða starfsstöðvar á miðsvæði og hafa lögheimili utan. Sérvinnsla frá RSK.

Vísir 3.6 – Hagur sveitarfélaga: Eignir, skuldir og skuldahlutfall sveitarfélaga

Forsendur fyrir vali á vísir

Gera má ráð fyrir að aukin umsvif í ferðaþjónustu og í iðnrekstri hafi áhrif á efnahag sveitarfélaga. Á móti kemur kostnaður sem sveitarfélögin geta þurft að leggja í vegna framkvæmda og vegna fjölgunar íbúa.

Upplýsingar

Hvaða:

Eignir sveitarfélaga
Skuldir sveitarfélaga
Skuldahlutfall sveitarfélaga

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði
Austursvæði
Vestursvæði

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Línurit

Markmið:

Að skuldahlutfall sveitarfélaga sé undir 150%

Heimild:

Ríkisskattstjóri

Athugasemdir:

Vísir 3.7 – Hagur íbúa: Eignir og skuldir íbúa

Forsendur fyrir vali á vísí

Gera má ráð fyrir að aukin umsvif í ferðaþjónustu og í iðnrekstri hafi áhrif á efnahag íbúa til að mynda vegna aukinnar samkeppni um vinnuafl. Á móti kemur að fjölgun íbúa og aukin eftirspurn eftir húsnæði getur aukið skuldir íbúa.

Upplýsingar

Hvaða:

Eignir íbúa

Skuldir íbúa

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Ísland

Hver:

Verknefnisstjóri

Hvernig:

Línurit

Markmið:

Að hlutfall skulda og eigna íbúa sé yfir landsmeðaltali

Heimild:

Ríkisskattstjóri

Athugasemdir:

<https://www.rsk.is/fagadilar/stadtolur-skatta/>

Vísir 3.8 – Fasteignamarkaður: Heildarmat fasteigna

Forsendur fyrir vali á vísí

Fasteignamat skapar grundvöll fyrir álagningu gjalda og er viðmið til dæmis vegna fjárhæðar stimpilgjalds vegna þinglýsingar kaupsaminga og hjá sumum lánastofnunum varðandi veðhæfni fasteigna. Verðlag í febrúar ákvarðar fasteignamat ár hvert.

Upplýsingar

Hvaða:

Fasteignamat – heildarmat fasteigna.

Fasteignamat – heildarmat – íbúðarhúsnæði

Fasteignamat – heildarmat – atvinnuhúsnæði

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Hver:

Verkefnastjóri

Hvernig:

Tafla/línurit

Markmið:

Að fasteignamat sé í samræmi við landsmeðaltal

Heimild:

Þjóðskrá

Athugasemdir:

Til stýrihóps: Eíngöngu hægt að fá skiptingu eftir íbúðar-/atvinnuhúsnæði með því að sækja um sérvinnslu gegn greiðslu. Hægt er að fá heildarmat fasteigna og landmat án sérvinnslu. Hægt er að mæla fasteignaverð á Húsavík að auki.

Vísir 3.9 – Fasteignamarkaður: Þróun leiguverðs

Forsendur fyrir vali á vísu

Aukin eftirspurn eftir húsnæði með fjölgun íbúa og auknum umsvifum í ferðþjónustu og iðnaði getur haft áhrif á leiguverð.

Upplýsingar

Hvaða:

Íbúðarhúsnæði – meðal fermetraverð leiguhúsnæðis
Atvinnuhúsnæði – meðal fermetraverð leiguhúsnæðis

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði/Húsavík

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Tafla

Markmið:

Að leiguverð sé í samræmi við það sem gerist á landsvísu

Heimild:

Þjóðskrá Íslands

Athugasemdir:

Til stýrihóps: Eingöngu er hægt að fá upplýsingar fyrir svæðið með því að óska eftir sérvinnslu frá Þjóðskrá gegn greiðslu.

Vísir 3.10 – Fasteignamarkaður: Búseta í eigin fasteign og leiguhúsnæði

Forsendur fyrir vali á vísir

Mikilvægt er að fylgjast með þróun húsnæðismarkaðar á framkvæmdatíma og að honum loknum.

Upplýsingar

Hvaða:

Hlutfall íbúa sem er skráð með lögheimili í eigin fasteign
Hlutfall íbúa sem er skráð með lögheimili í leiguhúsnæði

Tíðni:

Árlega

Svæði:

Miðsvæði

Hver:

Verkefnisstjóri

Hvernig:

Línurit

Markmið:

Að hlutfall íbúa með lögheimili í eigin húsnæði sé í samræmi við landsmeðaltal

Heimild:

Hagstofa Íslands

Athugasemdir:

Til stýrihóps: Eingöngu er hægt að fá upplýsingar fyrir svæðið með því að óska eftir sérvinnslu frá Þjóðskrá gegn greiðslu.

ÖFLUN GAGNA VEGNA MÆLINGA

Við mótun vísa var meðal annars horft til þess að gögn vegna þeirra væru aðgengileg. Þá var leitast við að móta þá með þeim hætti að gögnin væri að finna hjá opinberum aðilum eða í rannsóknum sem framkvæmdar eru með reglubundnum hætti. Þar má til að mynda nefna íbúafjölda hjá Hagstofu Íslands og HSBC rannsóknina á líðan grunnskólubarna. Þetta er gert til að reyna eftir fremsta megni að tryggja að mælingar tengdar vísunum verði til staðar svo lengi sem vöktun verkefnisins stendur yfir.

Í stökum tilfellum getur verið að gögn séu ekki aðgengileg hjá opinberum aðilum. Miðað við núverandi tillögu sem enn er í mótun er einn vísir þess eðlis að gögn varðandi hann eru ekki aðgengileg hjá opinberum aðilum og engar mælingar eru gerðar með reglubundnum hætti. Þetta er *vísir 2.11 Mengunarefni í djúralífi sjávar*. Í því tilfalli er lagt til að keypt verði greining á mengunarefnum í sjávardýrum á 5 ára fresti sambærilegt og gert er í Sjálfbærni-verkefninu á Austurlandi.

Ekki er gert ráð fyrir öðrum aðkeyptum rannsóknum vegna verkefnisins miðað við núverandi forsendur en verði breyting á þeim til að mynda ef ákvörðun verður tekin um að meta losun gróðurhúsalofttegunda og annarra loftmengandi efna á tilteknu svæði/svæðum getur það kallað á fleiri aðkeyptar rannsóknir.

Í lífskjarakönnun Hagstofu Íslands eru upplýsingar sem tengjast vísunum nr. 1.3 og 1.11. Úrtak Hagstofunnar er 3.000 einstaklingar, sem er það lítið að ekki er hægt að greina gögn könnunarinnar frekar niður en á landsbyggð – höfuðborgarsvæði fyrir hvert ár. Tvær leiðir eru mögulegar til að afla upplýsingar fyrir miðsvæðið um vísana tvo. Sú fyrri er að reikna 5 ára meðaltal fyrir svæðið út frá svörum sem Hagstofan hefur eða að semja við Hagstofuna um að stækka úrtakið fyrir áhrifasvæði verkefnisins til að fá marktækar tölur árlega. Kostnaður við hvora leið er óljós á þessum tímamarki og skýrist í raun ekki fyrir en formleg beiðni um sérkeyrslu er lögð inn hjá Hagstofunni. Það sama á við um vísa 3.5, 3.8, 3.9 og 3.10 varðandi fasteignamarkaðinn að þeir krefjast sérkeyrslu á gögnum frá annars vegar Ríkisskattstjóra og hinsvegar frá Þjóðskrá. Kostnaður skýrist þegar formleg beiðni hefur verið lögð inn.

Þá eru reglulegar mælingar ekki ekki til staðar eða mælitæki ekki til staðar í eftirfarandi tilfellum:

- Mælar vegna loftgæða (vísar 2.1, 2.2) vantar á Húsavík – unnið er að því að koma upp mælum til að mæla m.a. svifryk og brennisteinsvetni.
- Mælar vegna hávaða (vísir 2.3) vantar á Húsavík.
- Meðferð skólps (vísir 2.13). Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 798/1999 hefur heilbrigðisnefnd eftirlit með fráveitum og skv. 28. gr. sömu reglugerðar skal heilbrigðisnefnd sjá um að annað hvert ár sé gefin út skýrsla um förgun skólps. Skýrslan skal byggjast á gögnum sveitarfélaga um fráveitukerfi þeirra, framtíðaráform þar um og eftirlitsmælingum heilbrigðiseftirlits. Í henni eiga a.m.k. eftirfarandi upplýsingar að koma fram.
 - 1. Hvar og með hvaða hætti fráveituvatni er veitt út í umhverfið.
 - 2. Magn fráveituvatns frá íbúðabyggð og iðnaðarsvæðum, svo og tegund iðnaðar sem veitir fráveituvatni í fráveitukerfið.
 - 3. Hreinsun fráveituvatns, þ.á m. sérstök hreinsun á fráveituvatni frá iðnaði.
 - 4. Meðhöndlun og förgun á ristarúrgangi og seyru frá hreinsibúnaði.
 - 5. Dreifing gerlamengunar í viðtaka.
 - 6. Niðurstöður eftirlitsmælinga.

VEFSÍÐA OG BIRTING GAGNA

Þegar vísar verkefnisins hafa verið ákveðnir kemur að því að afla gagna um þá og birta þau svo þau verði aðgengileg fyrir almenning, rannsakendur og aðra þá sem kunna að hafa áhuga á upplýsingum tengdum verkefninu.

Nokkrar leiðir eru færar varðandi vefsíðu fyrir verkefnið og birtingu gagna.

1. Sameiginlegur vefur með Sjálfbærni-verkefninu á Austurlandi að fengnu samþykki eigenda og stýrihóps þess. Verkefnin tvö gætu þá deilt rekstrarkostnaði og kostnaði við breytingar á núverandi vef www.sjalbbaerni.is
2. Sérstakur vefur fyrir verkefnið með eigin heiti og léni.
 - a. Wordpress-grunnur (eða annar ókeypis hugbúnaður), hýsing hjá til dæmis www.1984.is og lén.
 - b. Sérsmíðaður grunnur, hýsing hjá til dæmis www.1984.is og lén.

Kostnaður við að smíða vef ræðst af umfangi við hönnun og uppsetningu, hvort notaður er ókeypis hugbúnaður við vefsmíði eins og til dæmis wordpress eða joomla eða sérsmíðaður grunnur. Miðað við að notaður sé wordpress-grunnur gæti kostnaður við hönnun og uppsetningu verið frá 100.000 kr. + vsk. en umtalsvert hærri við sérsmíðaðan grunn í áskriftarkerfi. Við þetta má gera ráð fyrir að bætist kostnaður vegna léns og hýsingar vefsins.

ÁFANGAR Í VERKEFNINU MAÍ 2015-MAÍ 2016

FUNDIR OG RÁÐGJÖF VEGNA VERKEFNISINS

Stýrihópsfundir

- 12. maí 2015 – Húsavík
- 4. nóvember 2015 – Húsavík
- 8. janúar 2015 – Húsavík

Aðkeypt ráðgjöf

- 2. desember 2015 – Akureyri

Samráð

- 23. febrúar 2016 – Faghópasamráð – Laugum
- 7. apríl 2016 – Samráð við ungmenni – Laugum og Húsavík
- 11. apríl 2016 – Samráð við almenning, fyrirtæki, félagasamtök – Ýdölum

Fyrsti stýrihópsfundur 12. maí 2015

- Stýrihópur myndaður:
 - Landsvirkjun 2 fulltrúar:
 - **Jóna Bjarnadóttir**
 - **Steinn Á. Steinsson.**
 - Sveitarfélög á svæðinu 3 fulltrúar:
 - **Dagbjört Jónsdóttir** (Þingeyjarsveit),
 - **Jón Óskar Pétursson** (Skútustaðahreppur)
 - **Kristján Þór Magnússon** (Norðurþing)
 - Fulltrúi óháðra rannsóknaraðila tilnefndur af Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri:
 - **Hjalti Jóhannesson**
- Tillaga að skipuriti verkefnisins samþykkt.
- Tillaga að markmiðum verkefnis sett fram og samþykkt.
- Rammi fyrir verkefnið til 12 mánaða samþykktur: Greining – Samráð – Ákvörðun um vísa.

Annar stýrihópsfundur 4. nóvember 2015

Tillaga að samfélags- og umhverfisvísium verkefnisins yfirfarin.

- Ákveðið var að útvíkka verkefnið til fleiri atvinnugreina en orkuframleiðslu og iðnaðar og í því samhengi stefnt að fjölgun eigenda t.d. bjóða PCC Bakki Silicon og Landsneti þátttöku ásamt ferðaþjónustaðilum.
- Markmiðasetning verkefnisins: Horft verði til samfélagslegara markmiða fremur en markmiða sem miðast við fyrirtæki eða tiltekna starfsemi. Nýting auðlinda og áhrif á samfélag/umhverfi/efnahag.
- Áhrifasvæði var verkefnisins skilgreint. Miðsvæði – Austursvæði – Vestursvæði.
- Samráð: Horft verði til hagsmunaaðila sem og ungmenna og reynt að ná sérstaklega til kvenna.
- Tekin afstaða um að hafna, breyta og bæta við vísium tengdum samfélagi og umhverfi:
- *Efnahagsvísar*: Ekki tókst að ljúka yfirferð og var henni frestað til næsta fundar.

Þriðji stýrihópsfundur 8. janúar 2016

Landsnet og ferðaþjónustuaðilar voru nýir aðilar að verkefninu og búnir að tilnefna fulltrúa í stýrihóp. Einar Snorri Einarsson er fulltrúi Landsnets og Örlygur Hnefill Örlygsson er fulltrúi ferðaþjónustuaðila. Breytingar á samfélags- og umhverfisvísnum frá síðasta fundi yfirfarnar.

Efnahagsvísar verkefnisins voru yfirfarnir.

- Fjallað var um tillögu að fjölgun eigenda og samráðsáætlun. Samþykkt að bjóða PCC Bakki Silicon formlega aðild að verkefninu.
- Efnahagsvísar yfirfarnir, gerðar breytingar.
- Eftirfarandi var samþykkt:
 - Verkefnastjóri yfirfari vísa m.t.t. breytinga á vísnum.
 - Verkefnastjóri lagfæri flokkun vísa. Sameini/færi milli flokka eftir þörfum þar sem í einhverjum tilvikum skarast efni vísa.
 - Auk vísa sem nú liggja fyrir verði reiknað með að við bætist vísar sem sérstaklega eru miðaðir við framleiðslu PCC (t.a.m. lífríki sjávar),
 - Leitað verði eftir tillögu frá RAMÝ um vísa sem sérstaklega snúa að Mývatni.
- Samráðsáætlun var lögð fyrir:
 - Gerður greinarmunur á faglegu og hagsmunatengdu samráði og tekin ákvörðun um að víkja frá áætlun um samráð við hagsmunaaðila og hafa samráð við fagaðila þ.e. sérfræðinga á sviði samfélags, umhverfis og efnahags.
- Eftirfarandi var samþykkt:
 - Faglegt samráð sem byggir á faglegri rýni vísa.
 - Leitað skuli til fagaðila.
 - Verkefnisstjóri með samþykki stýrihóps velji fagaðila og hafi ekki fleiri aðila en þörf er á til að dekkja fagsvið.
 - Faghópasamráð fari fram á einum vinnufundi þar sem allir hópar starfi á einum vinnufundi.
 - Hagsmunatengt samráð og samráð fyrir almenning fer fram á tveimur opnum fundum á vinnutíma og utan vinnutíma.

Ráðgjöf 2. desember 2015

Vinnufundur með Jóni Skafta Gestssyni frá Verkfræði stofu Jóhanns Indriðasonar.

- Yfirferð á vísnum með tilliti til þess hvort þeir voru stofn- eða flæðivísar og hvort þeir mældu undirliggjandi auðstofna.
- Tillögur að úrbótum á vísnum.
- Tillögur að nýjum vísnum.

SAMRÁÐ

Faglegt samráð – 23. febrúar 2016

Að loknum stýrihópsfundu 8. janúar 2016 var samráðsáætlun, sem lögð hafði verið fram á fundinum, endurskoðuð.

Gerðar voru breytingar á samráðsferlinu í samræmi við ákvörðun stýrihópsins. Breytingin fól í sér að faglegt samráð var haft við sérfræðinga á sviði hvers flokks sjálfbærni í stað þess að skipa hagsmunaaðila í faghópa eins og áður hafði verið gert ráð fyrir. Skilgreind voru hlutverk faghópa, faghópar skipaðir og boðaðir til samráðsfundar að Laugum í Reykjadal í Seiglu Miðstöð sköpunar.

- Hlutverk faghópa:
 - Gagnrýna val á vísunum.
 - Gagnrýna framsetningu vísa.
 - Gagnrýna flokkun vísa.
 - Gera tillögu að nýjum vísunum.
 - Leiðbeina um gagnaöflun.
 - Gera tillögu að púlsmælingum.
- Faghópar voru skipaðir á eftirfarandi hátt:
 - Samfélagshópur
 - Háskólinn á Akureyri – *Marta Einarsdóttir*
 - Jafnréttisstofa – *Bergljót Þrastardóttir*
 - Bygðastofnun – *Guðmundur Guðmundsson*
 - Rannsóknamiðstöð ferðamála – *Kristín Sóley Björnsdóttir*

Landlæknisembættið og Félagsvísindastofnun þáðu ekki boð um að tilnefna fulltrúa í faghópinn.

- Umhverfishópur
 - Háskólinn á Akureyri – *Brynbildur Bjarnadóttir*
 - Náttúrustofa Norðausturlands – *Aðalsteinn Örn Snæþórsson*
 - Orkusetur – *Sigurður Ingi Friðleifsson*
 - Náttúruvísindastofnun við Mývatn – *Árni Einarsson*
 - Umhverfisstofnun – *Hildur Vésteinsdóttir*

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík tilnefndi *Marianne Helene Rasmussen* í hópinn en hún átti ekki heimangengt þegar að fundinum kom.

- Efnahagshópur
 - Háskólinn á Akureyri – *Jón Heiðar Þorvaldsson*
 - Hagfræðistofnun Íslands – *Ásgeir Heimisson*
 - Rannsóknamiðstöð ferðamála – *Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir*
 - Bygðastofnun – *Anna Lea Gestsdóttir*
 - Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar ehf. – *Jón Skafti Gestsson*

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík tilnefndi ekki fulltrúa í hópinn en starfsmaður þess var tilnefndur af Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Á samráðsfundi faghópa fengu fulltrúar í faghópunum kynningu á verkefninu ásamt umfjöllun um stofn- og flæðivísa og um sjálfbærnimælingar.

Að loknum fundi lágu fyrir 44 vísar sem voru tillaga faghópanna að sjálfbærnimælikvörðum verkefnisins ásamt athugasemdum um mælingarnar.

Samráð við ungmenni – 7. apríl 2016

Þar sem ungmenni hafa lítinn þátt tekið í opnum fundum um atvinnumál á áhrifasvæði verkefnisins voru Framhaldsskólinn á Laugum og Framhaldsskólinn á Húsavík heimsóttir 7. apríl. Í Framhaldsskólanum á Laugum var opinn fundur sem um 20 nemendur sóttu. Að lokinni kynningu var nemendum skipt í þrjá hópa sem hver um sig yfirfór einn flokk af vísum og gerði athugasemdir. Nemendur voru áhugasamir en flestir áttu uppruna annars staðar en í Þingeyjarsýslum og höfðu ekki mikla vitneskju um framkvæmdir á Bakka, Þeistareykjum eða umsvif í ferðaþjónustu á svæðinu. Nemendur skiluðu þó góðum athugasemdum og áttu ágætar umræður í hópunum um vísana. Í Framhaldsskólanum á Húsavík heimsótti verkefnisstjóri nemendur í náttúrufræðiáfangi. Áfanginn var vel aldursblandaður, það er bæði nýnemar og útskriftarnemar voru í hópnum. Sami háttur var hafður á og á Laugum. Nemendur fengu stutta kynningu, var því næst skipt í þrjá hópa sem fjölluðu hver um sig um einn flokk af vísum. Hópastarfið gekk vel, umræður voru góðar og þar sem vannst vel gafst tími til að ræða einnig um væntingar og áhyggjur nemenda í tengslum við yfirstandandi framkvæmdir.

Ungmennin höfðu væntingar um:

- Aukna ferðaþjónustu.
- Aukin atvinnutækifæri.
- Fjölgun íbúa og fleiri og stærri verslanir.

Ungmennin höfðu áhyggjur af:

- Mengun.
- Spillingu náttúrunnar.
- Húsnæðisskortri.

Samráð við almenning, fyrirtæki, félagasamtök – 11. apríl 2016

Boðað var til samráðs við almenning, fyrirtæki og félagasamtök þann 11. apríl.

Samráðið var auglýst í staðarmiðlum s.s. Hlaupastelpunni, Mýflugunni, Skránni, 641.is og 640.is. Auk þess voru hengd upp plaköt í verslunum á Húsavík og sendur út tölvupóstur á um 150 aðila (fulltrúa fyrirtækja, sveitarfélaga og félagasamtaka) í kynningarskyni.

Fundirnir voru tveir. Sá fyrri kl. 10:00-12:00 og sá síðari kl. 17:00-19:00.

Í upphafi fundanna fengu fundargestir stutta kynningu á verkefninu og stöðu þess. Að því loknu var þeim skipt upp í hópa og fengust hóparnir við eftirfarandi spurningar:

- Hvaða væntingar hefur þú til þeirra breytinga sem eru í vændum vegna iðnaðaruppbyggingar, Þeistareykja og aukinna umsvifa í ferðaþjónustu?
- Hvaða áhyggjur hefur vegna breytinga sem eru í vændum vegna iðnaðaruppbyggingar, Þeistareykja og aukinna umsvifa í ferðaþjónustu?
- Eru settir fram mælikvarðar sem fanga þessar væntingar og áhyggjur? Ef ekki hvaða mælikvörðum þarf að bæta við?
- Þarf að breyta einhverjum mælikvörðum eða eru einhverjir mælikvarðar óþarfir?

Á báðum fundum komu fram gagnlegar ábendingar um mælikvarðana sem lagðir voru fyrir fundina ásamt tillögum að nýjum mælikvörðum og tillögum að mælikvörðum sem voru af fundagestum taldir óþarfir.

VINNA VERKEFNISSTJÓRA

Undirbúningur verkefnisins 19. maí – 4. nóvember 2015

Á tímabilinu 19. maí–4. nóvember 2015 var unnið að undirbúningi verkefnisins.

- Eldri gögn Norðurverkefnis rýnd og unnið úr þeim.
- Gögn úr Austurverkefni og mati á umhverfisáhrifum rýnd og unnið úr þeim.
- Fyrsta tillaga að vísun undirbúin.
- Tillaga að áhrifasvæði undirbúin.
- Tillaga að fjölgun aðila/eigenda að verkefninu undirbúin.

4. nóvember 2015–8. janúar 2016

Á tímabilinu 4. nóvember–8. janúar 2016 var unnið úr athugasemdum stýrihóps vegna samfélags- og umhverfisvísa og að frekari mótun vísa verkefnisins. Kannað var hvaða gögn eru aðgengileg tengd þeim vísunum sem þá var tillaga um að nota í verkefninu. Einnig var unnið að samráðsáætlun.

Fengin var ráðgjöf frá Verkfræðistofu Indriða Jóhannssonar um mótun vísa út frá hugmyndum um stofn- og flæðivísa og að sjálfbærnivísar mæli undirliggjandi auðstofna (fjármagnsauð, mannauð, náttúruauð, félagsauð).

8. janúar–23. febrúar 2016

Unnið var úr athugasemdum um efnahagsvísa. Þá var unnið að undirbúningi samráðs við faghópa. Óskað var eftir tilnefningum í faghópa frá opinberum aðilum sem fjalla um samfélags-, umhverfis- og efnahagsmál. Skipulagður og haldinn samráðsfundur sem haldinn var að Laugum í Reykjadal.

23. febrúar–10. júní 2016

Unnið var úr athugasemdum faghópa og útbúin ný tillaga að vísunum sem var borin undir stýrihóp. Samráð við ungmenni og almenning/fyrirtæki/félagasamtök var undirbúið og framkvæmt dagana 7. og 11. apríl. var haft samráð við framangreinda hópa. Að því loknu var unnið úr athugasemdum hópanna sem komu fram á fjórum samráðsfundum. Vísarnir eru nú tilbúnir til yfirferðar hjá stýrihópi sem taka þarf afstöðu til athugasemda samráðshópanna.

ÞRÓUN VÍSA/MÆLIKVARÐA:

Samfélagsvísar

	Tillaga að mælikvarða Fyrir samráð	Athugasemdir Faghópur	Athugasemdir Ungmenni	Athugasemdir Almenningur, fyrirtæki og félagsamtök
Lýðfræði	a. Íbúafjöldi	Lýðfræði, hafa hana efst í skjalinu með samfélagsvísunum. Vantar inn í þennan flokk fjölda brottfluttra og aðfluttra varðandi fjöldataölur.		
	b. Fjöldi, kyn, aldur, uppruni		Fylgjast með skiptingu eftir trúfélögum.	Vantar mælikvarða sem nær yfir fjölmenningu Mæla/fylgjast með stöðu/fjölda/árangri barna sem eiga t.d. ekki aðaltungumál og innviðirnir eru ekki klárir til að takast á við.
Tekjur íbúa	a. Meðaltekjur á miðsvæði í samanburði við meðaltekjur á Íslandi	Horfa til allra svæðanna – mið-, austur- og vestursvæðis en birta aðgreint. ATH hvort vísir á heima í efnahagsvísunum	Fylgjast líka með meðaltekjum á jaðarsvæðum.	
	b. Fjöldi einstaklinga og fjölskylda undir lágtekjumörkum	Athuga gögn út frá erlendum íbúum.	Líka fjöldi einstaklinga og fjölskylda yfir lágtekjumörkum.	
Jafnrétti kynja	a. Kynjahlutfall starfsfólks Landsvirkjunar/samstarfsfyrirtækja/ferðaþjónustu/sj ávarútvegi	Skóða kynjahlutall stjórnenda og stöðuheita innan fyrirtækjanna. Bæta sveitarfélögunum inn í og skoða hver skiptingin er innan sveitarfélaga, bæði út frá pólitíkinni, stjórnendum og almennum starfsmönnum.	Horfa á fleiri stuðla. Menntun, starfshæfni - ekki að ráða/reka út af kyni. Hafa skýringar á hvað liggur að baki kynjahlutfalli - af hverju er það eins og það er.	Mikilvægur vísir.
Afbrot og löggæsla	a. Fjöldi íbúa sem hlutu refsíðoma á árinu	Skóða hvort að hann eigi að vera inni Er hægt að mæla fjölda útkalla? Er ekki eðlilegt að mæla slys?	Birta gögn um flokkun afbrota.	Taka út en fylgjast með.
	b. Fjöldi starfa við löggæslu.	Fjöldi sjúkrarúma, aðgengi að heilbrigðisþjónustu - lækni - hjúkrunarfræðingi. Aðgengi að heilbrigðisþjónustu og fjarlægðir, sjúkrarúm, skurðeildir o.fl. Varðandi ferðamenn þá þarf að fjölga í löggæslu yfir ferðamannatímum.		ATH - þarf að mæla stöðu innviða betur. Sjúkrahús, skóla, verslanir,...
Heilsa og félagsleg staða.	a. Fjöldi öryrkja á svæðinu, kyn og aldursamsetning.			Mikilvægt að fylgjast með tímstundastarfi innan svæðis s.s. íþróttaiðkun barna og fullorðinna.
	b. Hamingja íbúa.	Skóða út frá kyni og aldri.	Flokkað eftir aldri.	Mæla menningarneyslu íbúa.
	c. Kosningaþátttaka íbúa	Skóða út frá kyni og aldri.		Móttækileiki samfélagsins fyrir nýju fólki - t.d. aukin þátttaka í klúbbum, íþróttum,...

Menntun	a. Hlutfall nemenda sem líður vel eða mjög vel í skóla	Skóða hvort að eigi að halda í samhengi við niðurstöður samræmdra prófa ef sá vísir verður inni.	Flokkað eftir árgöngum	ATH er gagnlegt að fylgjast með þessu?
	b. Fjöldi íbúa á aldrinum 16-70 ára með grunnmenntun, framhaldsskóla- og starfsmenntun, háskólamenntun			ATH á að mæla brottfall úr framhaldsskólum
Samgöngur	a. Umferðarþungi á völdum leiðum Víkurskarð Fljótsheiði Mývatnsheiði Tjörnes Norðausturvegur - sunnan Húsavíkur.		ATH flugsamgöngur og ferðamannastraum Bæta við að mæla á ákveðnum tímum árs.	Mæla ástand vegakerfis - % bundins slitlags - þó álitamál sbr. ef vegir stytta vegna breytinga á leiðum. Snjómokstur og þjónusta við vegi skiptir ekki síður máli. Telja umferð í miðbæ Húsavíkur.
	b. Fjöldi skipa sem koma í Húsavíkurhöfn (skemmtiferðaskip og flutningaskip).			
	c. Fjöldi bíla við Leirhnjúk, Króflu og Þeistareyki.	Vitum ekki af hverju það eru bara talin upp þessi þrjú svæði.		Fylgjast með fjölda flugfarþega um Aðaldalsvöll og Akureyrarflugvöll - nota ISAVIA gögn og taka árlegan púls á fjölda.

Faghópur um samfélagsvísa lagið til að eftirfarandi vísar yrðu ekki notaðir:

Heilsa og félagsleg staða	a. Aldur íbúa á miðsvæði við andlát. Lífaldur á miðsvæði?	Má taka út.
Heilsa og félagsleg staða	c. Neysla á grænmeti/ávöxtum/berjum/lýsi/fiski/kjöti	Spurning hvort að þessi vísir eigi að vera inni.
Menntun	a. Fjöldi nemenda eftir skólastigum	Þarf ekki frekar að mæla aðgengi/fjarlægð að menntun? Íbúafjöldi endurspeglar fjölda íbúa á þessum aldri.
	b. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í grunnskóla	Skóða hvort að eigi að halda.

Athugasemdir hóps

Hafa í huga hvaða gögn er hægt að kyngreina í samfélagsvísunum.

Bæta inn vísi/vísunum tengdum ferðaþjónustu: Uppbygging stíga, upplýsingar fyrir ferðamenn, netsamband (aðgengi svæða að góðu netsambandi 3G og 4G til að bæta búsetugæði, öryggi og atvinnumöguleika).

Þarf ekki frekar að mæla aðgengi/fjarlægð að menntun en fjölda nemenda á skólastigi?

Hve langt þurfa nemendur almennt að sækja til að komast í skóla (leik-, grunn-, og framhaldsskóla).

Er t.d. leikskóli í þorpi/bæ, er grunnskóli í næsta þorpi/bæ, er framhaldsskóli í næsta þorpi/bæ?

Fjöldi nemenda á skólastigi endurspeglar ekki íbúafjölda. Nóg að mæla íbúafjölda.

Umhverfisvísar

	Tillaga að mælikvarða Fyrir samráð	Athugasemdir Faghópur	Athugasemdir Ungmenn	Athugasemdir Almenningur, fyrirtæki og félagasamtök
Andrúmsloft	a. Losun mengandi efna	Framsetningu og matreiðslu gagna sett í samhengi fyrir almenning. Fylgt verði starfsleyfum, vöktun loftgæðamælinga (tíðni og efni).		
	b. Fjöldi daga þar sem loftgæði eru slæm	ATH loftgæðamæli á heimasíðu UST. Hvað á að mæla? Tillaga: settir verði upp loftgæðamælar á Húsavík, Akureyri og Mývatnssveit - svifryk, NO ² og SO ² .	Hafa vísinn jákvæðan og mæla fjöldi daga þar sem loftgæði eru góð.	
Hljóðvist	a. Hávaði frá starfsleyfissskyldri starfsemi.		Passa að hávaðastig verði ekki of mikið. Hávaði í lágmarki og byggja lengra frá byggð.	
Landnotkun	a. Þróun landnýtingar		Passa að ganga ekki of nærri landinu svo það endurnýji sig.	Áhrif rasks fyrir íbúa. Dæmi línulögn í gegnum heiðarland - eru mótvægisáðgerðir áframaðar, takmarkar raskið önnur tækifæri, endurgjald vegna rasksins?
Vatnsauðlindir	a. Gæði vatnsbóls og dreifikerfis vatns á Húsavík	Verkefnið fylgist með vatnsgæðum úr vatnsbólum á svæðinu þar sem þau gögn liggja fyrir (vatnsveitur).	Fylgjast vel með þessu svo að vatnið verði ávallt drykkjarhæft. Vatnið þarf að vera hreint.	
	b. Vatnsgæði grunnvatns í lindum og neðanstraums frá jarðhitavirkjunum og fyrirhuguðum virkjanasvæðum. (Mælingar á næringarefnum og steinefnum í köldu vatni. Þeistareykir, Krafla, Bjarnarflag, Kelduhverfi, Svartá.)		Vatnið þarf að vera hreint	
Jarðhitanyting	a. Massataka úr borholum (niðurdráttur) til samanburðar við náttúrulegt innrennsli.	Mæla niðurdrátt í borholum.		
Lífriki	a. Gróður við jarðhitavirkjanir		Vernda íslenska náttúru.	
	b. Vöktun fuglalífs: mófuglar, strandfuglar, sjófuglar, vatnafuglar, rjúpa og fálki			
	c. Mýflugur og grænþörungur í og við Mývatn			
	d. Mengunarefni í dýralífi sjávar			Óþarfur.
	e. Fjöldi hvala og tegunda í Skjálfanda		Varast skal útrýmingu á hvólum.	Óþarfur.
Neyslu- og framleiðslumynstur	a. Meðferð úrgangs og förgun	Varast skal að láta út í náttúruna.	Úrgangur má ekki fara í sjóinn því þá fara hvalirnir.	
	b. Meðferð skólps			
	c. Svæðisbundin staða bílaflota	Eldsneytisgildi, fjölda, útblástursgildi, orkugjafar. Samgöngustofa	Vegirnir geta slitnað og mikil mengun	ATH ekki víst að vísirnn sé gagnlegur

Frá faghópi um umhverfismál:

Lagt til að eftirfarandi vísar verði ekki notaðir

Hljóðvist	b. Fjöldi íbúa sem býr við hávaða í desíbilum (55-59, 60-64, 65-69, 70-74, >75.	
Vatnsauðlindir	b. Vatnsnotkun iðnfyrirtækja sem hlutfall af vatnsauðlindum og heildarvatnsnotkun á svæðinu	Taka þennan vísu út
Lífriki	a. Varþ fálka á Þeistareykjum	Taka þennan vísu út - of fá óðöl
Neyslu- og framleiðslumyndur	c. Kolefnisspor miðsvæðis	

Vísur sem var breytt – voru svona:

Hljóðvist	a. Hávaðamengun yfir heilbrigðismörkum í þéttbýli/notkun hávaðamengandi tækja?	
Landnotkun	a. Hlutfall uppræktads lands	
Jarðhitányting	a. Massataka úr borholum (niðurdráttur) til samanburðar við náttúrulegt innrennsli	Mæla niðurdrátt í borholum
Lífriki	e. Hljóðmengun frá skipum og áhrif hljóðs frá skipaumferð á hvali	
	ATH. Áherslu á gróðurfar og jarðveg	

Vísar sem voru sameinaðir í einn vísu – 2.9 Vöktun fuglalífs

Lífriki	c. Þéttleiki heiðlóa og spóa
Lífriki	d. Fjöldi strandfugla (æðarfugl, hettumáður, svartbakur, silfurhákur, hvítmáður og bjartmáður, rauðbrystingur, sendlingur, tildra)
Lífriki	g. Fjöldi dugganda, hávella, hrafnasanda og húsanda við Mývatn
Lífriki	h. Fjöldi straumanda við Laxá

Vísar sem voru sameinaðir í einn vísu – 2.10 Mýflugur og grænþörungur

Lífriki	f. Fjöldi 7 algengra tegunda mýflugna við Mývatn
Lífriki	i. Kúluskítur/grænþörungur á botni Mývatns

Efnahagsvísar

	Tillaga að mælikvarða	Athugasemdir faghóps	Athugasemdir - ungmenni	Athugasemdir - almenningur, fyrirtæki og félagasamtök
		<i>Halda, benda, breyta, bæta,...</i>		
Vinnumarkaður	a. Fjöldi og hlutfall vinnandi á aldrinum 16-70 ára	Finna leið til að reikna út atvinnuþátttöku/fjölda starfa. Ath. hjá Vinnumálastofnun með uppl. um atvinnuþátttöku skipt niður á svæði (gefið út mánlega eða á 3ja mán fresti).		
	b. Atvinnuleysi	Allar upplýsingar fáanlegar hjá Vinnumálastofnun.	Skoða hlutfall milli fjölda atvinnulausra og fjölda lausra starfa á svæðinu.	
Landbúnaður				Mikilvægt að fylgjast með landbúnaði í héraðinu. Kvóti og lögbýli. Fjöldi gripa. Framleiðsla - fjöldi kg/ltr.
Ferðaþjónusta	a. Fjöldi gistirýma og gistinátta á miðsvæði og nýting	Nýting miðist við fjárfestingu. Mikilvægt að ná upplýsingum um fjölda gistinátta vs. gistirýmis	Mæla líka á austursvæði og vestursvæði.	
Hagur fyrirtækja	a. Eignir	Mæla sambærilegar upplýsingar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög.	Orða vísi betur/skýrar	Athuga að bæta við vísi sem mælir nýsköpun í atvinnulífi - e.t.v. erfitt að mæla - fjöldi nýrra kt. - afleidd starfsemi Sleppa vísi um eignir fyrirtækja.
	b. Skuldir			Sleppa
	c. Útgreiddur arður		Orða vísi betur/skýrar	Sleppa - ekki góður vísir – mælir ekki endilega góðan árangur.
Hagur sveitarfélaga	a. Eignir		Orða vísi betur/skýrar	
	b. Skuldir			
	c. Skuldahlutfall sveitarfélaga á miðsvæði		Af hverju bara á miðsvæði?	Óþarfur
				Hagvöxtur svæðisins sbr. Hagvöxtur landshluta – Byggingastofnun.
Hagur heimila	a. Eignir íbúa eftir sveitarfélögum			Sleppa.
	b. Skuldir íbúa eftir sveitarfélögum			Sleppa.
	e. Hlutfall eigna og skulda íbúa		Skuldir í samanburði við tekjur - ekki bara eignir	Sleppa.
Fasteignamarkaður	a. Samtala: heildarmat (íbúðar) fasteigna pr/m ²			Halda.
	b. Samtala heildarmat: (atvinnu) fasteigna pr/m ²			Halda. Athuga líka leiguverð á Húsavík - meðal leiguverð pr. m ² bæði fyrir atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði.
				Flygjast með eigendum fasteigna Hlutfall þeirra sem eru með skráð lögheimili í eigin fasteignum og þeirra sem eru með skráð lögheimili í leiguhúsnæði.

Frá faghópi um efnahagsmál: Lagt er til að eftirfarandi vísar verði ekki notaðir:

Vinnu- markaður	a. Stærðarsamsetning fyrirtækja á miðsvæði	
Ferðaþjónusta	b. Fjöldi ferðamanna og hlutfall þeirra og fjölda íbúa, Húsavík, Mývatn, Reykjavík, landið allt/Fjöldi ferðamanna sem heimsækja jarðböðin, fara í hvalaskoðun,... önnur afþreying	Færa á milli flokka, á betur við samfélagsflokkinn Flæðivísar.
Hagur fyrirtækja	a. Fjöldi fyrirtækja	Fundarmenn sýndu áhuga á að halda þessum upplýsingum inni en tillaga efnahagshóps var að nota hann ekki.
	b. Fjöldi nýrra fyrirtækja - einkahlutafélög, hlutafélög	
	c. Fjöldi gjaldþrota fyrirtækja	
	d. Áhrif á landsframleiðslu	
Hagur sveitarfélaga	a. Heildar útsvarstekjur sveitarfélaga á miðsvæði	Vísirinn var upphaflega sett inn samkvæmt ábendingu frá hagfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga.
	b. Heildar fasteignagjöld sveitarfélaga á miðsvæði	Miðsvæði/svæðisskipting
Hagur heimila	d. Tryggingagreiðslur og atvinnuleysisbætur	Samfélagsþáttur
Fasteignamar kaður	a. Meðalverð fasteigna pr./m ²	
	b. Fasteignamat í sveitarfélögum	